



Sveinn Hlynur Tómasson

MS-ritgerð: Hefur fyrri notkun benzodíazepíns, Z-lyfja og ópíóíða forspágildi um nýgengi notkunar pregabalíns?

Sveinn Hlynur Tómasson, fæddur 21 janúar 1998, ólst upp á Grenivík og útskrifaðist úr menntaskólann á Akureyri áður en hann hóf nám í Lyfjafræði í Háskóla Íslands. Með náminu hefur hann starfað hjá Lyfjum og Heilsu frá árinu 2022.



Síðastliðin ár hefur notkun lyfsins pregabalín aukist víða um heim. Lyfið hefur ábendingu sem meðferð á taugaverkjum, almennri kvíðaröskun og flogaveiki, þó er off-label notkun lyfsins mjög algeng. Misnotkun lyfsins hefur orðið áberandi og notkun þess saman með benzodíazepíni og ópíóíðum getur reynst hættuleg. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort sé samband milli fyrri notkunar benzodíazepíns, Z-lyfja og ópíóíða, og nýgengis notkunar pregabalíns með tilliti til þeirra greininga sem pregabalín hefur ábendingu fyrir. Niðurstöðurnar voru að fyrri notkun benzodíazepíns, Z-lyfja og ópíóíða leiddi af sér aukið nýgengishlutfall fyrir pregabalín notkun, stærri pregabalín skammta og lengri notkunar pregabalíns. Þessi áhrif virtust einnig aukast með hærri skömmtum, nema hjá þeim sem höfðu aðeins fyrri sögu um ópíóíða notkun.